

DEILISKIPULAG KÁRSNESSTÍGS UM SUNNANVERT KÁRSNES

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

2 af 2 skipulagsuppdráttum

Greinargerð frh.

Samgöngur

Kársnesstígur

Kársnesstígur er hluti stofnstígakerfis höfuðborgarsvæðisins og ein lykilleiða hjóleiða á höfuðborgarsvæðinu en lykilleiðir og stofnstigar eru hjólaleiðir greiða hjólaleiðir milli sveitarfélaga, innviða þeirra, íbúða- og atvinnusvæði. Í hönnunarleiðbeiningum fyrir hjóleiðar segir:

Um er að ræða aðskilinn göngu- og hjólastíg meðfram strandlengjunni, sem hvor um sig er allt að 3 m að breidd en breidd mun ráðast af aðstæðum á hverjum stað. Yfirborð hjólastígs verður malbikað. Göngustígur verður nær sjónum. Er það gert til að bæta tengingu gangandi vegfarenda við hafið og strandlengjuna. Mun það styrkja tengingu gangandi vegfarenda við hafið og auka á upplifunargildi stígsins fyrir gangandi vegfarendur. Núverandi áningarstaðir eru sýndir á uppdrætti, en þeir eru af fjölbreyttri gerð. Þar er m.a. að finna setbekki, drykkjarfonta og sorplát á hellulögðum reitum við stíg, upplýsingaskilti, hjólastæði og gróður. Staðsetning áningarstaða er leiðbeinandi. Heimilt er að koma fyrir setbekkjum við stíg.

Gatnakerfi

Gatnakerfi Kársnes er nú þegar fastmótað. Á vestanverðu skipulagssvæðinu liggja lóðir sunnan Þinghólsbrautar og Sunnubrautar nálægt núverandi stíg en austan Urðarbrautar skilur gatan að lóðir og stíg.

Skilmálar samgöngur		
Auðkenni	Tegund	Skilmálar
S1	Stígur	Hjólastígur sem er allt að 3 metrar breiður. Hönnun stígsins mun taka mið af því að hámarkshraði um hann verði ekki hærri en 25 km/klst sem er hámarkshraði reiðhjóla og annarra farartækja sem leyfilegt er að aka um hjólastiga skv. umferðarlögum.
S2	Stígur	Göngustígur allt að 3 metra breiður.

Öryggi

Yfirborð bæði göngu- og hjólastígs skal vera gott og vel við haldið til að hámarka þægindi og öryggi vegfarenda. Mikilvægt er að rekstri stígsins sé vel sinnt, að snjó sé ruddur og stigurinn hálkuvarinn á veturna (t.d. með salti) og sandi sópað af stignum þegar snjóá leysir. Upplýsa skal um lokanir og hjólaðir vera vel merktar og greiðfærar öllum vegfarendum.

Þveranir og kvæð um aðkomu

Þar sem göngustígur er nær sjónum er mikilvægt að þveranir gangandi vegfarenda yfir hjólastíg séu öruggar og hæfilega margar með reglulegu millibili. Á uppdrætti eru þveranir sýndar þar sem gönguleiðir þvera hjólastíg, en þar eiga gangandi vegfarendur ávallt forgang og skulu merkingar þess efnis vera skýrar. Gert er ráð fyrir hraðatakmörkunum á hjólastíg við göngupveranir

Mannvirki

Tveir byggingar standa innan skipulagssvæðisins. Dælustöð, um 88m2 að grunnfleti á 476 m2 lóð Sunnubrautar 58 og um 32m2 bátaskýli á óskilgreindri lóð vestan Sunnubrautar 47. Dælustöðinni tengjast neðanjarðar Kársnesræsi, Kópavogsræsi, yfirfallslógn og þrýstilógn frá Garðabæ. Skipulagið gerir ekki ráð fyrir breytingum á byggingum þessum. Bátaskýli má þó skv. skipulaginu endurbæta og gefa nýtt hlutverk sem áningarstað og aðferð hjóreiðamanna, skokkara, vantaþróttaíðkenda og annarra vegfarenda. Ef ástand byggingarinnar býður ekki ekki upp á annað má rífa hana og endurhanna svæðið sem almennt útivistarsvæði.

Skilmálar byggingar					
Auðkenni	Tegund	Hæðir ofanjarðar	Byggingarmagn ofanjarðar	Heimilað niðurif	Skilmálar
B1	Veitumannvirki	1	87,8 m2		Dæluhús
B2	Bátaskýli	1	32 m2	já	Hægt að hafa sem áningarstað í tengslum við útivist og náttúruskoðun. Staðsetning ekki bindandi.

Kvaðir

Í deiliskipulagi suðurstrandar Kársness eru settar fram kvaðir sem tryggja að hagsmunir samfélags, náttúru og menningarmínja séu virtir við uppbyggingu og notkun svæðisins. Kvaðirnar fela í sér skýrar leiðbeiningar um verndun friðlýstra og hverfisverndaðra svæða, aðkomu að mikilvægum innviðum og samspil við náttúrulegt umhverfi. Þær eru mikilvægur hluti af skipulaginu og stuðla að sjálfbærri þróun, öruggri nýtingu og varðveislu sérstöðu svæðisins.

Skilmálar kvaðir		
Auðkenni	Tegund	Skilmálar
K1	Aðkoma	Við Kársnesstíg, við vesturenda Sunnubrautar, er iðnaðarsvæði 1-3 Kársnesveita og er aðkoma bila að því vegna viðhalds og vöktunar um hjólastíg.
K2	Hverfisvernd	Sólbyrgi. Hlaðið mannvirki við strönd Kársness og áningarstaður. Áningastaður er hluti af menningar- og útivistargildi svæðisins. Verndin felur í sér að mannvirkið skal varðveitt.
K3	Hverfisvernd	Markmiðið er að varðveita sögulegt samhengi og náttúrulegt yfirbragð svæðisins. Svæðið er hluti af tûni sunnan við Kópavogsbæinn. Bærin Kópavogur var eitt fjögurra lögbýla í Kópavogi.
K4	Friðlýst náttúru-verndarsvæði	Skerjafjörður er friðlýstur með það að markmiði að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsvævi. Sérstök áhersla er lögð á verndun fuglalífs og búsvæða þeirra. Svæðið hefur einnig fræðslugildi vegna líffræðilegrar fjölbreytni. Allar framkvæmdir og hönnun innan þessa svæðis þurfa að taka mið af verndarmarkmiðum.

Samantekt Umhverfismatsskýrslu

Sjá nánar drög að umhverfismatsskýrslu dags. 29.10.2025. Þegar á heildina er litið þá er tillagaað deiliskipulagi fyrir suðurströnd Kársnes með aðskildum göngu- og hjólastíg líkleg til að hafa eftirfarandi áhrif á umhverfið.

Deiliskipulag er í samræmi við aðrar áætlanir, þar á meðal svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og markmið í aðalskipulagi Kópavogs.

Við samanburð á valkostum um nýja hjólaleið var valinn kostur sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagsgæði.

Til að draga úr áhrifum vegna nýs stígs er brugðist við í deiliskipulagi með raska ekki svæðinu þar sem strönd og stígur mæstast og lágmarka það svæði sem tvöfaldur stígur tekur yfir, bæði til að lágmarka áhrif á land og nágrenna.

Landslag og ásynd
Óveruleg áhrif á landslag og ásynd. Ekki er hróflað við mörkum lands og strandar og nýr stígur lagður við hlið þess sem fyrir er. Áhrif á hverfisverndað svæði Kópavogstúns eru engin.



Samfélag
Jákvæð áhrif á aðstæður fyrir virka ferðamata, aðgengi að gæðum strandarinnar fyrir almenning og bætt net stofnstiga.



Öryggi og heilsa
Jákvæð áhrif á öryggi með aðskilinandi vegfarendahópa og á heilsu með innviðum sem hvetja til hreyfingar.



Gróður og dýralíf
Þangfjörú, leirum og grunnsvævi er ekki raskað og áhrif á gróður og dýralíf og verndarsvæði Skerjafjarðar eru metin óveruleg.



SKIPULAGSSKÝRINGAR

--- deiliskipulagsmörk

göngustígur

hjólastígur
akreinaskipur

göngustígur þverar hjólastíg

Blönduð umferð í anda vistgötu

gangandi, hjólandi og akandi umferð jafn réthá

græn svæði / útivistarsvæði til sérstakra nota

náttúrulegt holt, holtagrjót og sjálfsáinn gróður

légmarksröskun náttúrelegs landslags

hverfisvernd

fríðlýst náttúruverndarsvæði

strandlína

sjór og vötn
100m frá friðlýstum minjum, 8m frá friðuðum minjum

náttúruleg strönd

náttúrulegur strandbakki

manngerður varnargarður / grjótgarður

byggingarreitur

götukantur


niðurtekinn götukantur

Helstu stofnlagirnir fráveitu í sjó

lega skv. tölvutækum grunnum veltufyrirtækja

brú / göng

1m hæðarlínur skv. landupplýsingakerfi Kópavogs



KORTASKÝRINGAR UTAN SKIPULAGSSVÆDIS

lóðir og lóðarmörk

skv. teikningrunni Kópavogs 2023

byggingar

skv. landupplýsingakerfi Kópavogs við staðfestingu skipulags

græn svæði / opin svæði utan skipulagssvæðis

skv. teikningrunni, samþykktu skipulagi og loftmyndum

akbraut og götukantur

skv. teikningrunni

gangstétt / stígar

skv. teikningrunni Kópavogs og loftmyndum

SKIPULAG Í VINNSLU

TILLAGA TIL FORKYNNINGAR
skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

SAMÞYKKT OG STAÐFESTING

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Tillagan var auglýst frá dd. mmmm 2026 til dd. mmmm 2026. Tillagan var samþykkt

í skipulagsráði Kópavogs þann _____ 2026

og í bæjarstjórn Kópavogs þann _____ 2026.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt

í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2026.

Skipulagsgögn:
Tveir skipulagsuppdættir og greinargerð á tveimur A2 blöðum og einn skýringaruppdráttur.

Kortagrunnar:
Skipulagssvæði og nágrenni:
Landupplýsingakerfi Kópavogs SHAPE gögn september 2022

Hnitakerfi: ISN93 Kvarði: 1:750 (A1) ONE 2103759

2
1 3.11.2025 Skipulagsdrög til forkynningar Forkynning
Útg. Dags. Tíðni Staða

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 20614 Stígur um sunnanvert Kársnes.vss Dagsetning: 31.10.2025

Skipulag: OG Yfirfarið: og

